

Erindisbréf ungmennaráðs Sveitarfélagsins Norðurþing. (með vísan til 2.mgr.11.gr. æskulýðslaga nr.70/2007).

## 1. Skipan.

Ungmennaráð er skipað 5 fulltrúum.

Sveitastjórn Norðurþings skipar í ungmennaráð í maí ár hvert að fengnum tilnefningum frá æskulýðs- og menningarnefnd.

Nemendafélög Grunnskólans á Raufarhöfn og Öxarfjarðarskóla tilnefna 1 fulltrúa og 1 til vara.

Nemendafélag Borgarhólsskóla á Húsavík tilnefna 1 fulltrúa í ráðið og 1 til vara.

Nemendafélag Framhaldsskólans á Húsavík tilnefnir 2 fulltrúa og 1 til vara.

Tilnefndur skal 1 fulltrúi ungmenna á vinnumarkaði og 1 til vara.

Varamenn eru boðaðir á alla fundi og mega sitja þá líkt og aðalmenn. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt að því undanskildu að hann sitji í fjarveru aðlmanns.

Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og eru á aldrinum 14 til 25 ára.

Skipunartími ráðsins er eitt ár í senn.

Íþrótta- og tómstundafulltrúi er tengiliður sveitarfélagsins við ungmennaráð. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar ásamt forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar Túns.

## 2. Starfsfyrirkomulag.

Um fundi og fundarsköp ungmennaráðs gilda samþykktir sveitarfélagsins Norðurþings um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp.

Að afstöðnum tilnefningum í ungmennaráð boðar sveitarstjóri til fyrsta fundar ráðsins.

Ungmennaráð kýs sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

Laun aðalmanna eru þau sömu og í öðrum fastanefndum Norðurþings\*

Formaður boðar fund í samráði við Íþrótta- og tómstundafulltrúa.

Fundargerðir skulu lagðar fram í Fjölskylduráði til samþykktar. Fjölskylduráð vísar málum ungmennaráðs áfram til viðeigandi nefnda.

Stefnt skal að því að funda eigi sjaldnar en 2sinnum á starfstímanum.

Ungmennaráð fundar með sveitarstjórn Norðurþings einu sinni á hverju starfsári, að jafnaði í janúarmánuði. Fundur með sveitarstjórn skal undirbúinn í samráði við sveitarstjóra.

Sveitarfélagið leggur til fundaraðstöðu.

### 3. Hlutverk.

Ungmennaráðinu er ætlað að vera umræðu- og samstarfsvettvangur ungmenna í Norðurþingi.

Koma til skila tillögum og skoðunum ungmenna til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Að vera sveitarfélaginu til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

Að gera ákvarðanatöku í málefnum ungmenna sýnilegri og gegnsærri.

Auka tengsl fulltrúa ungmenna og yfirvalda sveitarfélagsins.

Að gæta hagsmuna ungs fólks.

Að þjálfa ungmenni sveitarfélagsins í lýðræðislegum vinnubrögðum.

*Samþykkt á 2.fundi æskulýðs- og menningarnefndar Norðurþings 10.maí 2016  
Staðfest á 58.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings 17.maí 2016*

*\*Breytt á 68.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings þann 2.maí 2017*

*Samþykkt á 57.fundi Fjölskylduráðs 2.mars 2020  
Staðfest á X.fundi Sveitarstjórnar Norðurþings xx.febrúar 2021*